

4I.tbl.

24. nóv. 2021

28 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Velferðasjóður þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagsamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi. Velvilji ykkar er ómetanlegur!

Við söfnum umsóknum um aðstoð í nóvember, frá og með **20. nóvember** og fram til **6. desember** og ætlum að úthluta þann **16. desember í Kirkjubæ**. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutanir eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum. Best er að senda umsóknir á: [rkihusavik@simnet.is](mailto:rkihusavik@simnet.is)

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði. Bankareikningur okkar er 1110-05-402610  
Kennitala er 600410-0670

Bestu haustkveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Velferðasjóður þingeyinga.



## **Aðventustund Þóroddsstað**

Aðventustund verður á Þóroddsstað  
næstkomandi sunnudag, 28. nóvember klukkan 15:00.  
Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur.

Ræðumaður verður Knútur Jónasson.

Munum sóttvarnarreglur.

Allir velkomnir.

Séra Þorgrímur.



## **Sunnudagaskóla aflýst**

Sunnudagaskóli sem vera átti á Grenjaðarstað  
28. nóvember fellur niður.

Séra Þorgrímur.

## **Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit auglýsir eftir leikskólakennurum við leikskóladeildina Barnaborg.**

### Við leitum að kennurum sem:

- Hafa kennaramenntun og leyfisbréf á viðkomandi skólastigi
- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Eru lausnamiðaðir
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði
- Hafa metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekin leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum (Barnaborg og Krílabær). Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og náms-umhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli vinnur með agastefnuna Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Haustið 2019 flutti leikskóladeildin í nýtt og glæsilegt húsnæði.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Möguleiki er á hlutastörfum.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. janúar 2022.

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2021.

Umsóknir skulu sendast á netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri  
í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum  
netfangið [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is)



## **Skógræktin Vaglaskógi.**

Í ljósi aðstæðna hefur verið ákveðið að aflýsa jólamarkaðinum í Vaglaskógi þetta árið.

Laugardaginn 11. desember verður jólatrjáasala í starfstöðinni í Vaglaskógi. Opið verður frá kl. 13 til 16 og hægt að kaupa jólatré, skreytingarefni og timburafurðir úr skóginum.



## **Háls-,Ljósavatns- og Lundarbrenkusóknir**

Ákveðið hefur verið að fyrirhuguðu aðventukvöldi í Þorgeirskirkju sem vera átti þann 4.des. nk. verði aflýst vegna Covid19 ástandsins í samfélaginu.

Við stefnum á að geta haldið jólamessur eins og auglýst hefur verið.

Með kærum kveðjum um gleðiðlega aðventu.

Formenn sóknarnefnda og sóknarprestur.